

## **Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Ásahreppi árið 2017**

Reglur um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega í sveitarfélaginu Ásahreppi.

### **1. gr.**

Fasteignaskattur og fráveitugjald af íbúðarhúsnæði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í sveitarfélaginu Ásahreppi sem þeir nýta sjálfir, skal lækkaður eða felldur niður samkvæmt heimild í 4.mgr. 5.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

### **2. gr.**

Til að njóta afsláttar þarf að uppfylla annað hvort:

- a) vera 67 ára á næsta ári á undan álagningarári eða
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2017.

Afslátturinn nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi sannanlega býr í.

Ásahreppur sækir upplýsingar við útreikning afsláttar í upplýsingakerfi ríkisskattstjóra. Ekki er þörf á að sækja um afsláttinn til sveitarfélagsins nema samkvæmt 4. gr. hér að neðan.

### **3. gr.**

Niðurfelling eða lækkun miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur ársins 2015 eins og þær eru samkvæmt skattframtali 2016, endurskoðað í ágúst miðað við tekjur 2016 samkvæmt skattframtali 2017. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

#### **a) Ef um er að ræða einstaklinga;**

- með brúttótekjur undir 2.884.750kr. getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 2.884.751- 3.335.158 kr. getur niðurfelling orðið 75%
- með brúttótekjur milli 3.335.159– 3.809.158 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 3.809.159– 4.289.592 kr. getur niðurfelling orðið 25%

#### **b) Ef um er að ræða hjón;**

- með brúttótekjur undir 4.299.244 kr., getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 4.299.245 – 4.956.624 kr. getur niðurfelling orðið 75%
- með brúttótekjur milli 4.956.625 – 5.606.497 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 5.606.498 – 6.272.456 kr. getur niðurfelling orðið 25%

Viðmiðunartekjurnar eru heildartekjur umsækjanda og eru framreiknaðar samkv. vísitölu neysluverðs, þ.e tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts- útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru næsta ári á undan álagningarári.

### **4. gr.**

Við fráfall maka/sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er eftirlifandi maka með tekjur allt að 4.842.496 krónur á ári heimilt að sækja um sérstakan afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi af húsnæði sem hann býr í. Tekjuviðmið eru þau sömu og í 2.gr. um tekjuviðmið.

### **5.gr.**

Örorkulífeyrisþegar fá afslátt samkvæmt 3. gr. gegn framvísun á örorkuskírteini.

Reglur þessar voru samþykktar af hreppsnefnd Ásahrepps 14. des. 2016